



Fundargerð

1449. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn á Tjarnargötu 12
4. janúar 2024, kl. 08:15

Viðstaddir:

Guðný Birna Guðmundsdóttir settur formaður, Bjarni Páll Tryggvason, Dána Hilmarsdóttir, Margrét A. Sanders og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir boðaði forföll, Dána Hilmarsdóttir sat fyrir hana.

* * *

Bæjarráð samþykkir 5-0 að Guðný Birna Guðmundsdóttir sitji sem formaður þennan fund í fjarveru varaformanns. Næsti bæjarstjórnarfundur verður 9. janúar þar sem kosinn verður nýr aðalmaður í bæjarráð í stað Friðjóns Einarssonar sem lét af störfum um áramótin.

1. Ráðningarbref endurskoðenda (2024010007).

Bæjarráð felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að undirrita ráðningarbref endurskoðenda ársreikninga Reykjaneshæjar.

2. Þróunarreitir - kaup á landi og sala byggingarréttar (2023070141)

Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri fór yfir stöðu mála við ríkið varðandi kaup á landi í eigu ríkissjóðs innan Reykjaneshæjar. Bæjarráð samþykkir að viðræðum verði haldið áfram.

3. Vinabæjarsamskipti - Xianyang (2023120224)

Lagt fram erindi frá Xianyang í Kína, vinabæ Reykjaneshæjar, sem ráðgera heimsókn til sveitarfélagsins í vor.

4. Fundargerð stjórnar Eignasjóðs 21. desember 2023 (2023080175)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Eignasjóðs.

Bæjarráð samþykkir sérstaklega mál 9 frá fundargerðinni 5-0.

5. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 15. desember 2023 (2023010560)

Lögð fram til kynningar fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga.

6. Konvin Car Rental ehf. - ökutækjaleiga/geymslustaður ökutækja Keilisbraut 762 - beiðni um umsögn (2023120287)

Málinu frestað. Bæjarráð felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að vinna áfram í málinu.

7. Umsögn vegna rekstrarleyfis – Public deli ehf., Keilisbraut 771 (2023100387)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um leyfi til að reka veitingastað í flokki II - A. Lagðar fram umsagnir byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar, Brunavarna Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Bæjarráð samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti með vísan til fyrirbyggjandi umsagna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:05